

Rammasamningur

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og tannlækna sem með undirritun sinni hafa gerst aðilar að samningi þessum um tannlækningar utan sjúkrahúsa fyrir sjúkratryggða samkvæmt lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi nær yfir nánar skilgreindar tannlækningar, þ.e. forvarnareftirlit og skráningu tannheilsu hjá þriggja, sex og tólf ára börnum og um samstarf og samskipti SÍ, Miðstöðvar tannverndar og tannlækna.

2. gr. Aðild

Tannlæknar, sem hafa tannlæknaeyfi á Íslandi, geta gerst aðilar að samningi þessum. Tannlæknar gerast aðilar að samningnum með því að undirrita yfirlýsingu um aðild, sem er fylgiskjal 1 með samningi þessum, og senda hana til SÍ. Í yfirlýsingunni skal koma fram nafn og kennitala tannlæknis og heimilisfang starfsstöðvar/starfsstöðva hans.

3. gr. Eftirlit með tannheilsu þriggja, sex og tólf ára barna

SÍ greiða fyrir eina forvarnarskoðun hjá tannlækni, samkvæmt gjaldliðum 1003, 1006 og 1012 í samningi þessum, fyrir öll sjúkratryggð börn á Íslandi þriggja, sex og tólf ára sem sækja þjónustu til tannlækna sem eru aðilar að samningi þessum.

Forvarnareftirlit með tannheilsu þriggja, sex og tólf ára barna skal falið í eftirfarandi meðferð:

1003: Forvarnarskoðun þriggja ára barna: Rétt til gjaldfrjálsrar forvarnarskoðunar samkvæmt gjaldliði 1003 eiga eingöngu þau sjúkratryggðu börn sem náð hafa þriggja ára aldri en ekki eru orðin fjögurra ára gömul þegar skoðunin fer fram. Innifalið í gjaldliðnum er skoðun og skráning á tannheilsu barns, hreinsun tanna og flúorlökkun þeirra. Viðtal við barn og forráðamenn sem og fræðsla til þeirra um

mataræði, munnhirðu og annað er snertir tannheilsu barnsins, er einnig innifalið í gjaldliðnum sem og venjuleg aðlögun. Reikning fyrir forvarnarskoðun skal tannlæknir senda beint til SÍ en afhenda forráðamönnum barns afrit hans. Meðferð samkvæmt samningi þessum skal færð sérstaklega á reikning og ekki skal færa aðra gjaldliði á það reikningseyðublað.

1006: Forvarnarskoðun sex ára barna: Rétt til gjaldfrjálsrar forvarnarskoðunar samkvæmt gjaldliði 1006 eiga eingöngu þau sjúkratryggðu börn sem náð hafa sex ára aldri en ekki eru orðin sjö ára gömul þegar skoðunin fer fram. Innifalið í gjaldliðnum er skoðun og skráning á tannheilsu barns, hreinsun tanna og flúorlökkun þeirra. Viðtal við barn og forráðamenn sem og fræðsla til þeirra um mataræði, munnhirðu og annað er snertir tannheilsu barnsins, er einnig innifalið í gjaldliðnum sem og venjuleg aðlögun. Reikning fyrir forvarnarskoðun skal tannlæknir senda beint til SÍ en afhenda forráðamönnum barns afrit hans. Meðferð samkvæmt samningi þessum skal færð sérstaklega á reikning og ekki skal færa aðra gjaldliði á það reikningseyðublað.

1012: Forvarnarskoðun tólf ára barna: Rétt til gjaldfrjálsrar forvarnarskoðunar samkvæmt gjaldliði 1012 eiga eingöngu þau sjúkratryggðu börn sem náð hafa tólf ára aldri en ekki eru orðin þrettán ára gömul þegar skoðunin fer fram. Innifalið í gjaldliðnum er skoðun og skráning á tannheilsu barns, m.a. byggð á tveimur bitröntgenmyndum, hreinsun tanna og flúorlökkun þeirra. Viðtal við barn og forráðamenn sem og fræðsla til þeirra um mataræði, munnhirðu og annað er snertir tannheilsu barnsins er innifalið í gjaldliðnum sem og venjuleg aðlögun. Reikning fyrir forvarnarskoðun skal tannlæknir senda beint til SÍ en afhenda forráðamönnum barns afrit hans. Meðferð samkvæmt samningi þessum skal færð sérstaklega á reikning og ekki skal færa aðra gjaldliði á það reikningseyðublað.

4. gr. Þóknun

Þóknun skv. samningi þessum skal á samningstímanum vera samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Gjaldskrár- númer	Heiti verks	Verð
1003	Forvarnarskoðun þriggja ára barna	10.000 kr.
1006	Forvarnarskoðun sex ára barna	10.000 kr.
1012	Forvarnarskoðun tólf ára barna	13.500 kr.

Framangreind verð skulu breytast þann 1. janúar 2010 í samræmi við launa- og verðlagsforsendur sem lagðar verða til grundvallar fjárveitingum til heilbrigðisstofnana á fjárlögum ársins 2010.

SÍ er aðeins heimilt að greiða fyrir ofangreinda gjaldliði ef þjónustan er veitt af tannlækni sem er aðili að samningi þessum.

Tannlækni er óheimilt að taka hærra gjald fyrir þessa gjaldliði en ofangreind gjaldskrá segir til um.

5. gr. Skráning á tannheilsu

Tannlæknir skal skrá niðurstöður skoðunar sinnar í sjúkraskrá barns. Úr þeirri skráningu skal vera unnt að kalla fram upplýsingar um tannheilsu barns á þeim tíma sem skoðun þess fór fram; m.a. fjölda tanna sem eru með byrjandi tannskemmdir, fjölda tanna sem eru viðgerðarþurfi, fjölda viðgerðra tanna, fjölda skorufylltra sex- og tólfárajaxla og hvort greina megi sýrutæringu á tönnum viðkomandi barns, sbr. fylgiskjal 2 með samningi þessum.

Tannlæknir, sem gerist aðili að samningi þessum, skuldbindur sig til þess hafa komið sér upp tölvubúnaði fyrir 31. desember 2009 sem gerir honum kleift að senda SÍ niðurstöður skráninga sinna skv. 1. mgr., á samræmdu, rafrænu formi.

Frá og með 1. janúar 2010 skal rafræn upplýsingagjöf skv. 1. og 2. mgr., vera forsenda greiðslu SÍ á reikningum tannlæknis vegna gjaldliða 1003, 1006 og 1012.

6. gr. Skyldur samningsaðila

SÍ skulu tilkynna tannlæknum um breytingar sem kunna að verða á fyrirkomulagi stofnunarinnar varðandi samskipti hennar við sjúkratryggða og tannlækna sem eru aðilar að samningnum.

Tannlæknir skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit. Hann skal stunda góða viðurkennda læknisfræði.

Tannlæknir ber faglega ábyrgð á verkum sínum og starfsmanna sinna og skal ábyrgjast faglega hæfni þess starfsfólks sem hjá honum starfar, þagnarskyldu þess og þjónustulipurð.

Tannlæknir skal gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjúklinga á stofu standist sem best og gera sjúklingi viðvart í tæka tíð, þurfi að breyta viðtalstíma.

Tannlæknir skal sérstaklega gæta ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga.

Tannlæknir skal veita sjúkratryggðum sama aðgang að þjónustu sinni og öðrum sjúklingum og boða tryggða sjúklinga í eðlilegt eftirlit og endurkomu.

Öll fagleg samskipti við sjúkratryggða sjúklinga og forráðamenn þeirra skulu skráð í sjúkraskrá.

Tannlæknar, eða eftir atvikum læknar SÍ, skulu hafa aðgang að þeim sjúkraskrár tannlæknis er varða þjónustu hans við hina sjúkratryggðu í samræmi við 4. mgr. 45. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

Tannlæknir skal upplýsa sjúkling og forráðamann um tannheilsu sjúklings og raunhæfa meðferðarkosti. Tannlæknir skal veita sjúklingi upplýsingar um kostnað meðferðar eins og tók eru á.

Tannlæknir skal tryggja að aðferðir og endingartími efna sé í samræmi við viðurkennda staðla.

Miðstöð tannverndar skal kynna þann rétt sem þriggja, sex og tólf ára börn eiga til gjaldfrjálsrar forvarnarskoðunar hjá tannlæknum sem eru aðilar að samningi þessum.

7. gr. Reikningar

Reikningar tannlæknis til SÍ skulu vera á stöðluðu formi og skal þar m.a. koma fram nafn, kennitala og heimili sjúkratryggðs, hvaða dag læknisverk fór fram, hvaða tannlæknir vann verkið, hvað var gert og gjaldskrárliðir. Miða skal við reikningsform það sem almennt er í notkun við gildistöku samnings þessa og gildir gagnvart tryggðum einstaklingum. Sjúkratryggður skal staðfesta reikning með undirskrift sinni og fá afrit reiknings. Enn fremur skal koma fram hvar þjónustan var veitt.

Tannlæknir skal leggja sér sjálfur til stöðluð reikningseyðublöð fyrir gjaldskrárverk. Reikningar tannlæknis til SÍ skal flokka eftir þjónustumánuðum og senda SÍ ásamt fylgiseðli, þar sem getið er fjölda reikninga og heildarfjárhæð þeirra.

Ekki skal nota aðra gjaldliði á reikningseyðublaði þegar gjaldliðir 1003, 1006 eða 1012 eru notaðir. Tannlækni er þó heimilt að framkvæma aðrar aðgerðir í sömu heimsókn en þær aðgerðir skal þá færa á sérstakan reikning.

Reikningar fyrir læknisstörf hvers mánaðar þurfa að berast SÍ í síðasta lagi 10. næsta mánaðar. Greiðslur vegna reikninga frá tannlækni, sem er aðili að samningi þessum, skulu berast á bankareikning tannlæknis eða fyrirtækis hans innan 10 daga frá móttökudegi reiknings séu reikningarnir athugasemdaleusir. Rafræna reikninga skal þó gera upp daglega.

SÍ geta hvenær sem er óskað skriflegra skýringa á reikningi og ber tannlækni að gefa þær. Á meðan ekki hefur fengist fullnægjandi skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara
- hafna greiðslu reiknings.

Þegar um er að ræða reikning vegna gjaldliða 1003, 1006 eða 1012 skal tannlæknir senda reikninginn beint til SÍ án milligöngu hins sjúkratryggða.

Fyrirtækjum sem eru alfarið í eigu tannlækna er við þau starfa skal vera heimilt að senda SÍ reikninga fyrir verk sem unnin eru af tannlæknum sem eru aðilar að samningi þessum. Einstakir reikningar skulu þó eftir sem áður merktir viðkomandi tannlækni. Þessi reikningskilamáti skal í engu breyta stöðu tannlæknis gagnvart sjúkratryggðum og SÍ.

Tannlæknum er heimilt að skila reikningum á rafrænu formi að höfðu samráði við SÍ. Áður en rafræn samskipti milli tannlæknis og SÍ hefjast skal fara fram prófun á kerfunum undir stjórn SÍ.

8. gr. Ábyrgð

Tannlæknir skal kaupa og halda við fullnægjandi starfsábyrgðar- og sjúklingatryggingum hjá viðurkenndu váttryggingafélagi með starfsleyfi á Íslandi og færa sönnur á það ef aðilar óska þess.

Auk almennra reglna um skaðabætur ber tannlæknir ábyrgð á tjóni, sem hlýst af ágalla á tækjum sínum, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991.

9. gr. Eftirlit

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga.

Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum og heimsóknum á tannlæknastofu. Tannlækni er skylt að veita tannlæknum, eða eftir atvikum læknum SÍ, þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna lögboðins eftirlitshlutverks stofnunarinnar

Landlæknir hefur eftirlit með að framangreind þjónusta uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og uppfylli ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

10. gr. Framsal á réttindum eða skyldum

Tannlækni er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema til uppbyggingar skv. samningi þessum og þá aðeins með skriflegu samþykki SÍ.

Tannlækni er enn fremur óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti, nema með skriflegu samþykki SÍ.

Ef tannlæknir fær heimild skv. 2. mgr., breytast í engu skyldur hans gagnvart SÍ aðrar en þær sem kunna að hafa verið samþykktar skv. 2. mgr.

11. gr. Kvartanir

SÍ, Miðstöð tannverndar eða tannlæknir geta hver um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við hina sjúkratryggðu.

12. gr. Vanefndir og aðgerðir vegna vanefnda

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að tannlæknir uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta honum og heimta bætur fyrir fjártjón af viðkomandi tannlækni. Með sama hætti skal tannlækni heimilt að rifta samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur.

Sannist vanefndir skulu aðgerðir SÍ vegna þeirra byggjast á málefnalegum sjónarmiðum, sbr. 48. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

13. gr. Uppsagnarákvæði

Tannlækni er heimilt að segja upp aðild sinni að samningnum með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara frá og með 1. degi mánaðar. Tannlæknir, sem segir upp samningsaðild sinni, ber ábyrgð á því að skjólstæðingar hans fái fullnægjandi upplýsingar um þann gjörning.

SÍ er heimilt að segja upp samningi þessum gagnvart tannlækni með eins mánaðar fyrirvara frá og með 1. degi mánaðar hafi hann brotið gegn samningi þessum, sbr. meðal annars ákvæði 2. mgr. 5. gr.

SÍ er heimilt að synja tannlækni um aðild að samningi þessum hafi hann í starfi sínu brotið gegn samningum SÍ eða ákvæðum gjaldskrár.

14. gr. Dómsmál

Rísi dómsmál út af samningi þessum skal það lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**15. gr.
Gildistími**

Samningur þessi er gerður í framhaldi af samningi Tannlæknafélags Íslands (TFÍ) og Samninganefndar heilbrigðisráðherra (SHBR) f.h. Tryggingastofnunar ríkisins dags. 4. maí 2007. Samningurinn tekur gildi 1. janúar 2009 og gildir til 31. desember 2010.

Reykjavík, 19. desember 2008.

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

Stefnir Guðmundsson
Ernstur Guðmundsson
Jóhanna Björnsdóttir
Trögöngur Ólafsson
Ólafur Gunnarsson

Samþykkt ábyrgð og skyldur skv. samningi þessum
f.h. Miðstöðvar tannverndar

Sólfríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal 1

Umsókn tannlæknis um aðild að samningi um tannlækningar milli Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna



Sjúkratryggingar Íslands
Laugavegi 114
150 Reykjavík

Tilkynninguna skal póstsenda SÍ, Laugavegi 114, 150 Reykjavík.	Allar breytingar skal tilkynna SÍ innan tveggja vikna.
--	--

Nafn tannlæknis:	Kennitala:	
Heimilisfang:	Póstnúmer:	
Sérgrein:	Læknisnúmer:	
Sjúklingatrygging hjá:		
Stofuaðsetur:	Póstnúmer:	
Tölvupóstfang:	Sími:	
Nafn fyrirtækis, ef annað en tannlæknis:	Kennitala:	
Tannfræðingur:	Kennitala:	Dags. starfsleyfis:

Uppgjör SÍ leggist inn á reikning: _____ - _____ (Banki)
(Höfuðb.) (reikningsnr.)

Ég undirrituð/-aður óska eftir aðild að samningi Sjúkratrygginga Íslands og tannlækna um forvarnarskoðun á börnum, með öllum þeim réttindum og skyldum sem því fylgja og ég hef kynnt mér og samþykkt að öllu leyti.

_____ Dags.

_____ Undirskrift tannlæknis

Ath! Ef tannlæknir starfar á fleiri en einni stofu, skal senda eitt blað fyrir hverja stofu

Fylgiskjal 2

Í sjúkraskrá skal skrá eftirfarandi upplýsingar, sbr. 5. gr. samningsins, eftir því sem við á hverju sinni:

D1	q (fjöldi fullorðinstanna með byrjandi tannskemmd)
d1	w (fjöldi barnatanna með byrjandi tannskemmd)
D3	x (fjöldi skemmdra og viðgerðarþurfi fullorðinstanna)
d3	y (fjöldi skemmdra og viðgerðarþurfi barnatanna)
FT	z (fjöldi fylltra fullorðinstanna)
ft	ö (fjöldi fylltra barnatanna)
ST	þ (fjöldi skorufylltra fullorðinsbakjaxla, 6 og 12 ára jaxla)
G	æ (glerungseyðing til staðar eða ekki, 0 eða 1)

Skýringar:

Gildi D1/d1 merkir þann fjölda tanna (q/w) sem tannlæknir greinir með byrjandi tannskemmd en telur ekki fyllingarþurfi (initial caries/fylgjast með).

Gildi D3/d3 merkir þann fjölda tanna (x/y) sem tannlæknir greinir sem fyllingarþurfi.

Gildi FT/ft merkir þann fjölda tanna (z/ö) sem eru með fyllingum. Ef saman fara skemmd og fylling í tönn, eða fylling er ónýtt, er tönnin einungis skráð sem D3/d3.

Gildi ST merkir fjölda (þ) skorufylltra fullorðinsbakjaxla, þ.e. 6 og 12 ára jaxla.

Gildi G (æ) segir til um hvort glerungseyðing er til staðar á fullorðinstönnum eða ekki. Skrá skal 0 ef glerungseyðing sést ekki á neinni fullorðinstönn, en 1 ef glerungseyðing er til staðar á einhverri fullorðinstönn. Með glerungseyðingu er átt við tæringu af völdum síru vegna bakflæðis eða súrra drykkja.

Skrá skal gildi við alla viðeigandi kóða, hvort heldur viðkomandi gildi er 0 eða hærra.